

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráðstafanir til að afstýra hallæri í Vestmannaeyjum.

1872.

14. ágúst.

Með bréfi, dagsettu 11. f. m., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað með álit hlutaðeiganda sýslumanns bænarskrá, þar sem fátækrastrjórnin á Vestmannaeyjum sækir um lán uppá 60 tunnur af korni handa hreppnum, sem borgist aptur með 100 rd. á ári hverju, til þess að afstýra þar hallæri á vetri komanda; hafið þér jafnframt leidd athygli stjórnarráðsins að því, að hjálp sú af hálfu hins opinbera, sem hinir efnalítlu Vestmannaeyingar efalaust væri þurfandi, mundi koma þeim bezt í hag, ef veitt yrði fé á líkan hátt og gjört hefir verið á reikningsárunum 1870—71 og 1871—72, til þess að girða og rækta tún á tæðum eyjum, og stungið uppá, að veita megi á yfirstandanda reikningsári 500 rd. til þessa, enda þótt fjárveitingin fyrir reikningsárið 1871—72 yrði ekki notuð. Með því þessi ráðstöfun samt sem áður varla mun nægja til þess að afstýra hættu þeirri fyrir hungursneyð, sem yfir vofir, hafið þér enn fremur farið þess á leit, að veitt verði Vestmannaeyjahrepp lán af hjálparsjóði landssjóðsins uppá allt að 400 rd., með því skilyrði að greiddir verði 4 af hundraði í vöxtu á ári, og lánið verði borgað aptur á þremur árum, þeim sem í hönd fara, að minnsta kosti $\frac{1}{3}$ á ári hverju.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið leyfir, að verja megi allt að 500 rd. af því fé, sem tiltekið er í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872—73, 9. grein, til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum með hinum sömu kjörum og áður, og að veita megi Vestmannaeyjahrepp lán uppá allt að 400 rd. af því fé, sem tiltekið er í 10. grein áætlunarinnar, með þeim skilmálum, sem þér hafið til greint. Jafnframt og vèr getum þess, að vèr höfum í dag boðið landfógeta, að borga yður þessar tvennar fjárupphæðir, þegar er þér gjörið tilkall til þeirra, væntum vèr, að fá

1872. skýrslu frá yður um þær ráðstafanir, sem gjörðar verða í þessu
 14. ágúst. tilliti.

14. ágúst. **84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leiðarvísi handa pósthjónum á Íslandi.**

Samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi, 26. febr. þ. á., 17. grein, felur dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, á hendur, að semja og gefa út í tækan tíma leiðarvísa fyrir póstaafgreiðslumenn og bræfhirðingarmenn á Íslandi eptir því, sem fyrir er mælt í auglýsing stjórnarráðsins, 3. maí þ. á., og búa til og birta almenningi þær ákvarðanir, sem með þarf, um komutíma og burtfarartíma allra pósta á Íslandi, fyrir árið 1873 og eptirleiðis fyrir hvert ár.

Með því póstmeistarinn í Reykjavík, sem skipaður var 29. f. m., fyrst tekur við embætti sínu 1. apríl n. á., en hin nýja tilhögun á póstmálum, sem sett er með tilskipun 26. febr. þ. á., kemst í gang um sama leyti, verður eigi farið eptir þeim ákvörðunum óbreyttum, sem auglýsing um póstmál á Íslandi, 3. maí þ. á., 3., 4. og 5. grein, samanbr. 1. grein, hefir inni að halda um skipun póstaafgreiðslumanna, bræfhirðingarmanna og pósta, í fyrsta skipti að þessir sýslunarmenn verða skipaðir, og hefir stjórnarráðið ákveðið, að stiptamtmaður skuli í fyrsta skipti ráða póstaafgreiðslumenn eptir uppástungu hlutaðeiganda amtmanns, en bræfhirðingarmenn og pósta skulu hlutaðeigandi amtmenn ráða, ef póstleiðin að eins nær til eins amts, en stiptamtmaður, ef hún nær til fleiri amta, samkvæmt álit þeirra amtmanna, sem hlut eiga að máli.

Stjórnarráðið mælist því til, að þér, herra stiptamtmaður, samkvæmt þessu, og að öðru leyti samkvæmt fyrnefndri auglýsing dómsmálastjórnarinnar, sjáið um í tækan tíma, að ráðnir verði svo margir pósthjóna á Íslandi, sem fyrir er mælt í aug-